

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

63. fundur.

að Hlíðavegi 6, 17. september 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samningur um félags- og skólafjónustu, var frestað á fundi 10. sept.
3. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 2. sept. var frestað á fundi 10. sept.
4. Erindi frá Landssamb. Slökkvliðs- og Sjúkraflutningamanna, beiðni um styrk.
5. Erindi frá Mannviti f.h. Norðurþings vegna breytinga á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings).
6. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 14. ágúst sl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli nr. 6 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Samningur um félags- og skólafjónustu, var frestað á fundi 10. sept.

Fyrir fundinum liggur samningur til þriggja ára um ráðgjafafjónustu. Með samningnum tekur Norðurþing að sér að veita íbúum og nánar tilgreindum stofnunum Langanesbyggðar, Skútustaðahrepps, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar, ráðgjafafjónustu í félags- og skólamálum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir samninginn einungis til eins árs. Ástæða þess er að svo virðist sem kostnaður sveitarfélaganna við samninginn sé margfalt hærri en það sem gengur og gerist hjá öðrum sveitarfélögum þar sem svipað háttar til. Sveitarstjórn leggur því til að Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri verði fengin til þess að gera samanburðargreiningu á þeirri þjónustu sem verið er að veita innan nefnds samnings og sambærilegri þjónustu hjá öðrum sveitarfélögum t.d. í Eyjafirði, á Austfjörðum og á Vestfjörðum. Stefnt verði að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1.mars. 2010.

Sveitarstjórn gerir hins vegar athugasemdir við verklagsreglur um framkvæmd samningsins sem fylgir með sem fylgiskjal. Ekki er samræmi á milli 3 og 6 gr. verklagsreglnanna og 4,2 og 4,3 gr. samningsins. Í samningnum segir að samráð skuli haft við sveitarstjóra/oddvita viðkomandi sveitarfélags þegar úrræði eru ákveðin í félags- og barnaverndarmálum en í verklagsreglunum segir að samráð skuli haft sé þess talin þörf. Sveitarstjórn telur eðlilegt að orðalag samningsins standi og því þurfi að breyta verklagsreglunum til samræis við hann áður en hægt er að samþykkja verklagsreglurnar.

3. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 2. sept. var frestað á fundi 10. sept.

Borist hefur svarbréf frá Landeigendafélagi Reykjahlíðar varðandi drög að samningi um vatnstank í landi Reykjahlíðar. Þar kemur fram að LR telur að samningur um vatnstank og upptaka samnings um vatnsréttindi séu það nátengd að ná verði samkomulagi um hvorutveggja í einu lagi. Sveitarstjórn sér ekki ástæðu til að taka upp ofangreindan samning um vatnsréttindi að svo stöddu þar sem hún telur að þessi tvö mál tengist ekki í þessu samhengi. Samþykkt að senda lokatilboð til LR vegna samnings um vatnstank. Sveitarstjóri vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa máls.

4. Erindi frá Landssamb. Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna, beiðni um styrk.

Með bréfi dags. 11. September óskar Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna eldvarnafræðslu til grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn munu þá heimsækja nemendur í þriðja bekk grunnskóla um allt land, ræða við þá um eldvarnir og afhenda þeim og fjölskyldum þeirra vandað fræðsluefni um eldvarnir.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 20.000,-

5. Erindi frá Mannviti f.h. Norðurþings vegna breytinga á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings).

Með bréfi dags. 10. september er ítrekuð ósk Mannvits f.h. Norðurþings vegna breytinga á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings). Breytingin lýtur að samræmingu aðalskipulags við staðfest Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og tekur jafnframt til þeirra framkvæmda sem eiga að fara í sameiginlegt umhverfismat.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulaginu.

6. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 14. ágúst.

Borist hefur bréf frá Landeigendafélagi Reykjahlíðar dags. 14. ágúst þar sem óskað er eftir að Skútustaðahreppur leiðrétti norðurmörk Skútustaðahrepps skv. skilningi landeigenda Reykjahlíðar miðað við þeirra þinglýstu landamerkjaskrá.

Sveitarstjórn hefur leitað álits lögfræðinga á þessu máli og samkvæmt því hefur sveitarfélagið enga aðild að landamerkjamálum nema það sé landeigandi sjálft. Því getur sveitarfélagið ekki komið að þessu máli fyrr en úrskurður er genginn í landamerkjamáli því sem hér um ræðir.

Sveitarstjóri vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa máls.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.